

149. fundur Kirkjugarðaráðs var haldinn á Biskupsstofu mánudaginn 12. mars 2018.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Fundur hófst kl. 14:00.

Dagskrá:

- 1. Fundur settur og fundargerðir tveggja síðustu funda lagðar fram.**
Fundargerð 148. fundar lögð fram og samþykkt. Fundargerð 147. fundar samþykkt eftir leiðréttingar.
- 2. Mörkin lögmansstofa – álit vegna úrræða Kirkjugarðaráðs vegna kostnaðar við lögbundin verkefni skv. lögum 36/1993.**
Farið var yfir álit frá lögmansstofunni Mörkinni og ákveðið að fá Gest Jónsson hrl á næsta fund til að ræða mögulega málsókn á hendur ríkinu vegna vanefnda á samningi milli ríkis og Kirkjugarðaráðs.
- 3. Beiðni kirkjugarðaráðs um túlkun ráðuneytisins á 33. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.**
Drög að bréfi lögð fram. Ráðið samþykkti drögin.
- 4. Lagt fram bréf dómsmálaráðuneytisins þar sem óskað var afstöðu Kirkjugarðaráðs vegna Veitna um heimild til að grafa fyrir lögnum í Víkurgarði.**
Frestað til næsta fundar. Fulltrúi Veitna og Minjastofnunar verða boðaðir á fundinn. Ákveðið var að skrifa bréf til ráðuneytis og gera þar grein fyrir framvindu mála.
- 5. Beiðni Kirkjugarðaráðs um túlkun á ákvæði 1. mgr. 41. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993.**
Svar hefur ekki borist frá dómsmálaráuneytinu og málinu því frestað.
- 6. Skipting framlags til kirkjugarða árið 2018 og ákvörðun um einingaverð vegna greiðslu umhirðu- og einingaverðs.**
Frestað.
- 7. Úthlutun úr kirkjugarðasjóði vegna ársins 2018.**
Frestað.

8. Fundur, bréf og tillögur KGSÍ til þingmanna og ráðherra.

Þórsteinn kynnti vinnu vinnuhóps KGSÍ við að kynna málefni og vandamál kirkjugarðanna. Haft hefur verið samband við Kveik og óskað eftir að samskipti stjórnvalda og kirkjugarða yrðu tekin fyrir í þættinum.

9. Önnur mál.

Kristín Huld greindi frá að hún átti fund með Ástu Magnúsdóttur ráðuneytisstjóra mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ragnheiði Helgu Þórarinsdóttur deildarstjóra vegna ágreinings um hvort jarðrask eins og fjallað er um það í lögum nr. 36/1993 nái yfir fornleifarannsóknir. Kristín kynnt að niðurstaða fundarins hafi orðið sú að ráðuneytisstjóri mennta- og menningar-málaráðuneytis myndi óska eftir fundi með ráðuneytisstóra dómsmálaráðuneytis þar sem farið yrði yfir málið.

Fleira ekki gert
Fundu lokið kl. 16:40.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari